

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

7.12.2023
2023-11-97/0.11.1

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum (forgangsraforka), þsk. 635, 541. mál

Landsnet vísar til tölvupósts nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 30. nóvember sl., þar sem félaginu er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2023, þskj. 635.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu er lögð skylda á markaðsráðandi aðila að tryggja ákveðið orkuframboð fyrir heimili og smærri fyrirtæki þegar markaðsbrestur verður. Til skemmri tíma er það einfaldasta leiðin til að leysa framboðsvanda, sem getur myndast við þær aðstæður sem uppi eru í orkukerfinu. Huga þarf að því að inngrip í orkumarkað séu afmörkuð og gildistími þeirra sé eins takmarkaður og mögulegt er. Landsnet gegnir lykilhlutverki í orkuöryggi og leggur áherslu á að reglur og hlutverk sem starfað er eftir séu skýrt afmörkuð í samræmi við gildandi raforkulög á hverjum tíma. Með þetta í huga, leggur Landsnet til ákveðnar breytingar á frumvarpinu til að auka skýrleika og lágmarka óvissu um það hverjir njóta framboðsöryggis og hve mikið orkumagn er um að ræða á hverjum tíma sem markaðsráðandi vinnsluaðili þarf að hafa tiltækt.

Að mati Landsnets þarf að skoða vel hlutverk Orkustofnunar samkvæmt frumvarpinu í ljósi eftirlitshlutverks stofnunnarinnar og því hvar eðlilegt er að ákvörðunarvald vegna aðgerðarskyldna aðila á markaði liggja. Skoða mætti hvort ákvarðanataka í markaðsbresti, eins og frumvarpið er að taka á, sé sambærileg ákvarðanatöku í almannavarnaástandi þar sem ákvörðunarvaldið liggur hjá ráðherra. Landsnet er reiðubúið að vinna með nefndinni að því að skýra hlutverk aðila betur.

Landsnet leggur áherslu á að gagnsæi með skilvirkum orkuvíðskiptum er orkuöryggismál og nauðsynlegt að huga að framtíðarlausn orkuvíðskipta, sem stuðla að því að markaðsbrestir séu leystir með eðlilegum víðskiptaháttum án þvingaðra inngripa af þessum toga. Því miður er það ekki staðan í dag.

1. Ný skilgreining á notendum sem njóta framboðsöryggis

Skýring:

Það er mikilvægt að skilgreina þá notendur sem njóta eiga framboðsöryggis ekki of víðtækt. Ef það er gert er hætt á að t.d. fyrirtæki, sem hafa verið á skerðanlegri orku, færi sig yfir í forgangsorku til að njóta framboðsöryggis og auki þannig á vandann. Stærð markaðar, þar sem um er að ræða alla notendur sem ekki teljast stórnotendur, er of stór hluti notkunar landsins og íþyngjandi fyrir framboðsskyldu. Lagt er því til að notendur sem njóti forgangs í orkuframboði verði skilgreindir í takt við frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.) sem lagt hefur verið fram.

Það er nauðsynlegt að skilgreina þá notendur sem njóta eiga framboðsöryggis vel og að notkun á hugtökum sé rétt. Heildsölumarkaður, sem er ekki skilgreint hugtak, hefur verið notað af markaðsráðandi aðila um markaðstorg hans og er lagt til að því sé skipt út fyrir heimili og smærri fyrirtæki til að fyrirbyggja misskilning og auka skýrleika.

Tillaga:

Til heimila og smærri fyrirtækja te jast forgangs notendur sem kaupa raforku til heimilisnota, mikilvægir samfélagsinnviðir og fyrirtæki með færri en 50 starfsmenn og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki yfir 1,5 milljörðum kr. og hafa ekki samið sérstaklega um skerðanlega notkun (hér eftir heimili og smærri fyrirtæki).

2. Tillaga að breytingu á 1. málsgrein

Fyrirliggjandi málsgrein:

Til að tryggja raforkuöryggi notenda raforku, annarra en stórnotenda, ber markaðsráðandi vinnslufyrirtæki að tryggja framboð forgangsraforku á heildsölumarkaði til notenda, annarra en stórnotenda, sem nemur því magni sem vinnslufyrirtækið seldi á heildsölumarkaði á árinu á undan. Magn forgangsraforku skal leiðrétta árlega miðað við þróun almenns markaðar samkvæmt spá

Orkustofnunar og á flutningstöpum. Markaðsráðandi vinnslufyrirtæki er þó heimilt að ráðstafa magni forgangsraforku samkvæmt ákvæði þessu, sem er umfram eftirspurn á heildsölumarkaði með öðrum hætti.

Skýring:

Tillaga er gerð um breytingu á fyrstu málsgrein þar sem hún er óskýr og tekur ekki heildstætt á framboðsskorti. Fyrirliggjandi tillaga tekur ekki á því nema að hluta til, þar sem markaðsráðandi aðila er gert skylt að tryggja framboð á orku sem hann einungis sjálfur hefur ábyrgð á en ekki er tryggt orkuöryggi fyrir heimili og smærri fyrirtæki utan markaðshlutdeildar markaðsráðandi aðila.

Þá þarf að bæta flutningstöpum með skýrari hætti við framboðsskyldu, þar sem flutningstöp eru hluti af jafnvægi notkunar og vinnslu og þar af leiðandi órjúfanlegur hluti orkuöryggis.

Flutningsfyrirtækið er með það hlutverk samkvæmt raforkulögum að gera orkuspá.

Tillaga:

Til að tryggja raforkuöryggi til heimila og smærri fyrirtækja ber markaðsráðandi vinnslufyrirtæki að tryggja framboð forgangsraforku til þeirra auk flutningstapa. Magn forgangsraforku og flutningstapa skal leiðrétta árlega miðað við þróun raforkunotkunar heimila og smærri fyrirtækja samkvæmt spá flutningsfyrirtækisins. Markaðsráðandi vinnslufyrirtæki er þó heimilt að ráðstafa magni forgangsraforku samkvæmt ákvæði þessu, sem er umfram ofangreinda eftirspurn með öðrum hætti.

3. Tillaga að breytingu á 2. málsgrein

Fyrirliggjandi málsgrein:

Orkustofnun er heimilt að leggja fyrir se.jendur forgangsraforku í heildsölu að veita forgang að kaupum á raforku til sölufyrirtækja sem eingöngu se.ja til notenda, annarra en stórnotenda, og kaupum á flutningstöpum

Skýring:

Heimild Orkustofnunar þarf að vera skýrari og víðtækari. Veita þarf forgang til allra sölufyrirtækja til að endurselja til forgangsorkunotenda og bjóða flutningstöp.

Tillaga:

Orkustofnun er heimilt að skylda vinnslufyrirtæki og sölufyrirtæki sem stunda raforkuviðskipti sín á milli að veita tímabundinn forgang á endursölu raforku til heimila, smærri fyrirtækja og flutningstapa.

4. Tillaga að breytingu á 3. málsgrein

Fyrirliggjandi málsgrein:

Orkustofnun getur útfært heimild skv. 2. mgr. með þeim hætti að sölufyrirtækjum sé veittur forgangur enda skuldbindi þau sig til að nýta ekki svigrúm sem heildsöluviðskiptin veita til að se.ja til stórnotenda. Skilyrði slíkrar útfærslu er að sölufyrirtæki sýni fram á að ef kaup þeirra í heildsölu verða umfram meðaltal síðustu ára sé það einungis vegna óviðráðanlegra atvika eða aukinnar sölu til notenda, annarra en stórnotenda.

Skýring:

Einfalda og skýra þarf textann varðandi skyldur sölufyrirtækja til endursölu til endanotenda.

Tillaga:

Sölufyrirtæki skuldbinda sig að hafa í forgangi til endursölu raforku til heimila, smærri fyrirtækja og flutningstapa.

5. Tillaga að breytingu á 4. málsgrein

Fyrirliggjandi málsgreinar:

Heimild skv. 2. mgr. skal aðeins beitt ef umtalsverðar líkur eru á að grípa þurfi til skerðinga að mati Orkustofnunar.

Skýring:

Nauðsynlegt er að hafa gagnsæjan vettvang viðskipta, þar sem hægt er að fylgjast með magni og kaupum. Án slíks vettvangs, er erfitt að fylgja eftir skyldum aðila í virkjuðu orkuöryggisástandi.

Hluti af orkuöryggi landsins er jafnvægi milli notkunar og framboðs. Það er eðlilegt í bráðabirgðaákvæði sem þessu að skyldur aðila til að hafa jafnvægi í viðskiptum sínum sé inni og að hægt sé að fylgjast með framkvæmd ákvæðisins. Lagt er til að taka ákvæði úr 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og færa í bráðabirgðaákvæði raforkulaga til að skýra og einfalda framkvæmdina.

Tillaga:

Sölufyrirtækjum ber skylda til þess að afla þeirrar orku sem þau endurseja og tryggja að jafnvægi sé milli orkukaupa og orkusölu á hveijum tíma. Í því skyni ber sölufyrirtækjum að gera skriflegan samning við kertissjórn flutningsfyrirtækisins sem ábyrgðaraðili jöfnunarorku og senda inn sundurliðaðar áætlanir um orkuviðskiptin. Sölufyrirtækjum ber skylda til að afhenda viðskiptavini raforku í samræmi við raforkusölusamning. Flutningsfyrirtækið tryggir að viðskipti séu rekjanleg og gagnsæ.

Virðingarfyllst,

Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets.